

# Íþróttabandalag Hafnarfjarðar

## Stofnað 28. apríl 1945

53. þing ÍBH  
Skýrsla 2021 – 2022



Haldið fimmtudaginn 11. maí 2023  
í Hásölum Hafnarfirði.



# Efnisyfirlit

1. Efnisyfirlit
2. Ávarp formanns
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar ÍBH 2021 og 2022
5. Reikningar Afrekssjóðs ÍBH 2021 og 2022

# Ávarp formanns ÍBH

## Ágætu þingfulltrúar.

Það er hefð fyrir því að stikla á stóru frá síðasta þingi í upphafi þings. En síðasta þing árið 2021 varð haustþing í stað vorþings vegna takmarkanna og óvissu í samfélaginu. Heimsfaraldurinn hélt áfram með skertu íþróttá- og fundastarfi árið 2021. Þó má segja að margt hafi gengið betur en árið áður, því starfsmenn íþróttafélaga, starfsmenn íþróttasamtaka félögin og mótshaldarar voru komnir í æfingu við að sinna kröfum Almannaþingarinnar varðandi sóttvarnir við fundi, æfingar og mótahald. Töluvert af alþjóðlegum mótum fór enn ekki fram og voru stórir barna- og unglingshópar ekki í keppnisferðum á árinu, en ferðastyrksgreiðslur úr Afrekssjóði ÍBH sýndu það glögglega þar sem engin umsókn fyrir fararstjórnastyrk barst það árið í sjóðinn samanborið við 34 fararstjórnastyrksumsóknir árið 2022. Á árinu 2022 fór starfið að batna til muna og flest allt að fara í eðlilegt horf, við hættum að tala um kórónuveiruna, en kórónuveiran náði töluverðri útbreiðslu í lok ársins 2022.



Í janúar 2021 voru íbúar Hafnarfjarðar 29.681. Félagsmenn íþróttafélaganna í Hafnarfirði voru í lok ársins 2021 25.211. Aðildarfélög ÍBH voru skráð með 14.197 iðkanir á árinu 2021 en þeim hafði fækkað um 2.830 frá árinu 2020 eða um 16.6 %. Líkleg skýring á mikilli fækkun er skráning talna í nýtt starfsskýrsluskilakerfi ÍSÍ, Sportabler. Ef litið er á landið, þá er ÍBH þriðja stærsta íþróttahéraðið út frá fjölda iðkanna, næst fjölmennast er UMSK og fjölmennast er ÍBR.

Frá síðasta þingi voru stofnuð tvö ný íþróttafélög í Hafnarfirði.

Aðildarumsókn Siglingafélagsins Hafliða var samþykkt í stjórn ÍBH 5. maí 2021 og Sambo 80, fékk aðildarumsókn sína samþykka í stjórn ÍBH 12. janúar 2022.

Á síðasta þingi ÍBH 2021 var samþykkt að næstu íþróttamannvirki í bænum yrðu ný reiðhöll hjá Hestamannafélaginu Sörla og nýtt knattþús með velli í fullri stærð hjá Knattspyrnufélaginu Haukum. Búið er að gera samninga við verktaka að báðum þessum mannvirkjum og eru framkvæmdir að fara af stað nú á vormánuðum.

Undanfarin tvö ár hefur Hafnarfjarðarbær aukið mikið viðhald á íþróttamannvirkjum bæjarins sem félögin bæði eiga að hluta til með bænum eða eru í eign bæjarins og ber að þakka fyrir það.

Afrekssjóður ÍSÍ sem er fjármagnaður af ríkinu var rúmar 515 milljónir 2021 og rúmar 543 milljónir 2022. Ánægjulegt er að hann hækkar milli ára en það sem miður er, er að kostnaður milli ára hækkar enn meira og kostnaðarþátttaka keppenda eða félaga þeirra eykst mikið milli ára.

Ferðasjóður íþróttafélaga sem er fjármagnaður af ríkinu og er ætlaður til stuðnings keppnisferðum innanlands var 127,4 milljónir bæði árin 2021 og 2022. Umsóknargátt sjóðsins er opin í u.þ.b. mánuð á ári og eru félög hvött til að kynna sér sjóðinn og sækja um.

Á haustmánuðum 2022 sótti Íþróttabandalagið í Hafnarfirði um aðild að Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) og var hún samþykkt í nóvember 2022.

Aðildarfélög ÍBH og stjórn ÍBH taka saman hagsmunamál sín í aðdraganda þingsins og bera þau fram til umræðna, jafnvel breytinga og samþykktar. Þing ÍBH er bæði æðsta stjórnvald og aðalfundur bandalagsins. Einnig mótar þingið íþróttastefnuna í Hafnarfiðri til næstu ára í samvinnu við allar íþróttagreinar sem iðkaðar eru innan ÍBH.

Að lokum er við hæfi að beina þeim tilmælum til allra sem taka þátt í þings- og nefndarstörfum að huga að heildinni við ákvarðanatöku, vinna að heilindum og taka tillit til sérhagsmuna einstakra íþróttagreina og félaga. Starfsemi allra íþróttagreina er jafn mikilvæg.

Mikilvægt er að forystufólk í íþróttahreyfingunni átti sig á því að þau eru fyrirmyndir sem bera mikla ábyrgð sem þau þurfa að fara vel með. Framundan eru áhugaverð verkefni og eru þingfulltrúar hvattir til að sýna samvinnu og fagmennsku svo viðunandi niðurstaða násist í þau mál sem þingið þarf að afgreiða.

Ég býð ykkur velkomin á 53. þing ÍBH.

Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH.

# Skýrsla stjórnar ÍBH 2021-2022

## Þing ÍBH 2021

Fór fram fimmtudaginn 11. nóvember 2021 í Hásölum safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju. Þinginu hafði verið frestað frá því á vormánuðum vegna kórónuveirufaraldursins. Góð mæting var á þingið og tóku 72 fulltrúar þátt í þinginu auk gesta. Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH setti þingið í gegnum Teams. Dagskrá og samþykktir þingsins má sjá í þinggerð sem er á heimasíðu ÍBH, <https://ibh.is>, starfsemi, þinggerðir.







## Stjórn ÍBH

Átta fulltrúar voru kjörnir í stjórn ÍBH og tveir til vara, til tveggja ára. Formaður ÍBH er kosinn sér til tveggja ára í senn.

Á myndinni eru frá vinstri, Hrafnkell, Sýlvía Ósk, Viðar, Aðalbjörg, Már, Magnús, Anna Lilja, Arnfríður Kristín og Ragnar.

Starfstímabilið 2021 – 2023 skipuðu eftirtaldir stjórn ÍBH:

Hrafnkell Marinósson formaður.

Aðalmenn:

Aðalbjörg Óladóttir (Sundfélag Hafnarfjarðar) varaformaður.

Anna Lilja Sigurðardóttir (Badmintonfélag Hafnarfjarðar) meðstjórnandi.

Arnfríður Kristín Arnardóttir (Brettafélag Hafnarfjarðar) ritari.

Sylvía Ósk Speight (Fimleikafélagið Björk) meðstjórnandi.

Magnús Gunnarsson (Knattspyrnufélagið Haukar) meðstjórnandi.

Már Sveinbjörnsson (Golfklúbburinn Keilir) meðstjórnandi.

Ragnar Hilmarsson (Siglingafélagið Hafliði) gjaldkeri.

Viðar Halldórsson (Fimleikafélag Hafnarfjarðar) meðstjórnandi.

Varamenn:

Sveinn Heiðar Jóhannesson Hestamannafélagið Sörli.

Helga Veronica Foldar Siglingaklúbburinn Þytur.

Stjórnin hefur haldið 16 fundi frá síðasta þingi ÍBH. Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri situr og undirbýr alla fundi stjórnar.

## Skipulag ÍBH

Starfsemin skiptist upp í þrjú megin svið, Íþrótt- og fræðslusvið, Afrekssvið og Fjárhags- og rekstrarsvið. Skipaðir eru vinnuhópar / nefndir innan sviða þegar stjórn ÍBH ákveður að vísa málum til sviða til nánari vinnslu.

Á tímabilinu voru skipaðar fimm nefndir innan stjórnar ÍBH.

Nefnd um íþróttakynningar og samfélagsmiðla, hana skipuðu, Hrafnkell Marinósson, Aðalbjörg Óladóttir, Ragnar Hilmarsson og Anna Lilja Sigurðardóttir. Nefnd um hreyfipjálfun aldraðra, í henni voru, Viðar Halldórsson og Már Sveinbjörnsson. Nefnd um fjármögnun íþróttafélaga, hana skipuðu, Ragnar Hilmarsson, Arnfríður Kristín Arnardóttir, Viðar Halldórsson og Magnús Gunnarsson. Nefnd um viðbragðsteymi íþróttafélaga í Hafnarfirði, í henni voru, Magnús Gunnarsson og Sýlvía Ósk Speight. Nefnd um fyrirmyndarfélag ÍSÍ, hana skipuðu, Anna Lilja Sigurðardóttir og Arnfríður Kristín Arnardóttir.

## Tímaúthlutun

Tímaúthlutun 2021 – 2022 og 2022 - 2023. Allir flokkar viðurkenndra íþróttagreina sem þurfa tíma í íþróttamannvirkjum hafa verið skilgreindir í samvinnu við viðkomandi deild / félag. ÍBH kallar eftir umsóknum íþróttafélaga um tíma í íþróttamannvirkjum og tilgreinir ákveðinn skiladag, deildir / félög sækja um æfingatíma fyrir áætlaðann fjölda iðkenda, hvers íþróttaflokks á þeirra vegum sem hefur verið skilgreindur innan viðkomandi deildar / félags. ÍBH reiknar út tíma fyrir áætlaðann fjölda iðkenda í ákveðið rými fyrir hvern æfingaflokk. ÍBH skiptir þeim tímum sem til ráðstöfunar eru á milli félaganna út frá umsóknum þeirra, jafnræðis er gætt með dreifingu góðra, meðal góðra og slakra tíma til



félaga. Ef tímafjöldi umsókna félaga er hærri en sá tímafjöldi sem til ráðstöfunar er, skerðist hlutur allra hlutfallslega.

Tímaúthlutunarreglurnar eru endurskoðaðar árlega. Að mati stjórnar ÍBH var ekki talin þörf á því að breyta vinnureglum ÍBH um tímaúthlutun fyrir tímabilið 2021 – 2022. Fyrir tímabilið 2021 – 2022 voru eftirtaldir aðilar tilnefndir af aðildarfélögum í tímaúthlutunarnefnd ÍBH, í henni sátu, Snorri Sigurðsson Fimleikafélagið Björk, Atli Már Sigurðsson Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar, Helga Helgadóttir Knattspyrnufélagið Haukar, Árni Freyr Guðnason Fimleikafélag Hafnarfjarðar, Hörður Þorsteinsson Badmintonfélag Hafnarfjarðar, Þröstur Erlingsson Íþróttafélagið Fjörður og Sigríður Gréta Sigfúsdóttir Blakfélagi Hafnarfjarðar.



Sumarúthlutun íþróttasalir 2021. Tímar frá Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðarbæjar hafa farið beint til félaganna sem nota og reka viðkomandi mannvirki. Haukar fá úthlutun á Ásvöllum, FH fær úthlutun í Kaplakrika, í Íþróttamiðstöðinni Björk fá Björk fimleikasal, Mínervusal, DÍH samkomusal og Björk og DÍH hafa skipt á milli sín Andrasal í hlutföllum 20 tímar (Björk) og 4 tímar (DÍH). Afrekspör DÍH fengu til viðbótar að dansa í Sjónarhól Kaplakrika.



Ákveðið var að gera samkomulag milli aðildarfélaga ÍBH um tímaúthlutun í íþróttasölum vetrartímabili 2021-2022 og er það eftirfarandi, aðildarfélög ÍBH fá sömu úthlutun og þau voru með á vetrartímabili 2019-2020 en með eftirfarandi breytingum, í íþróttahúsi Hraunvallaskóla Bogfímifélagið Hrói Höttur fór úr 6 tímum í 10 tíma (4 tímar að láni frá Haukum / ÍBH), í íþróttahúsi Setbergsskóla fór Blakfélag Hafnarfjarðar úr 2 tímum í 6 tíma, í íþróttahúsi Víðistaðaskóla fór Blakfélag Hafnarfjarðar úr 8 tímum í 12 tíma. Sumarúthlutun knattspyrnuvelli 15. maí 2021 – 15. september 2021, ákveðið að gera með sér samkomulag sem var þannig að FH notaði knattspyrnumannvirki í Kaplakrika, Haukar notuðu knattspyrnumannvirki á Ásvöllum og félögin skiptu með sér tveimur knattspyrnuvöllum við Hvaleyrarvatn, Hamranesvelli þannig að Haukar fengu 24 tíma og FH fékk 52 tíma á viku. Samkomulagið gildi þangað til grasvöllurinn á Ásvöllum yrði tekinn upp. Bogfímifélagið Hrói Höttur var búinn að vera með bogfímiæfingar á kantinum á öðrum fótboltavellinum um leið

og knattspyrnuæfingar voru í gangi 2020, en bæði FH og Haukar óskuðu eftir því að ekki yrðu bogfimiæfingar um leið og knattspyrnuæfingar sumarið 2021. Vetrarúthlutun knattspyrnuvellingar 1. október 2020 til 30. apríl 2021, ákveðið að gera samkomulag milli félaga, FH fékk 15 tíma, Haukar fengu 10 tíma, 18 tímar voru síðan áætlaðir sem fjármögnunartímar, FH fékk einnig knatthúsið Risann og knatthúsið Dverginn og Haukar notuðu einir gervigras Ásvalla. Tímabilið 2021 – 2022 voru SH og Fjörður voru með sömu tíma og árið áður í sundlaugum Hafnarfjarðarbæjar.





Fyrir tímabilið 2022 – 2023 voru eftirtaldir aðilar tilnefndir af aðildarfélögum í tímaúthlutunarnefnd ÍBH, Sigurður Freyr Bjarnason Fimleikafélagið Björk, Atli Már Sigurðsson Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar, Helga Helgadóttir Knattspyrnufélagið Haukar, Leifur Grímsson Fimleikafélag Hafnarfjarðar, Helgi Kristinn Guðbrandsson Bogfímifélagið Hrói Höttur, Þróstur Erlingsson Íþróttafélagið Fjörður og Brynhildur Hlín Eggertsdóttir Blakfélag Hafnarfjarðar.

Tímaúthlutunarreglurnar eru endurskoðaðar árlega. Að mati stjórnar ÍBH var ekki talin þörf á því að breyta vinnureglum ÍBH um tímaúthlutun fyrir tímabilið 2022 – 2023.

Sumarúthlutun íþróttasalir 2022. Tímar frá Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðarbæjar hafa farið beint til félaganna sem nota og reka viðkomandi mannvirki. Haukar fá úthlutun á Ásvöllum, FH fær úthlutun í Kaplakrika, í Íþróttamiðstöðinni Björk fá Björk fimleikasal, Mínervusal, DÍH samkomusal og Björk og DÍH hafa skipt á milli sín Andrasal í hlutföllum 20 tímar (Björk) og 4 tímar (DÍH). Afreksþör DÍH fengu til viðbótar að dansa í Sjónarhól Kaplakrika.

Ákveðið var að gera samkomulag milli aðildarfélaga ÍBH um tímaúthlutun í íþróttasölum vetrartímabil 2022-2023 og er það eftirfarandi, aðildarfélög ÍBH fá sömu úthlutun og þau voru með á vetrartímabili 2021-2022 en með eftirfarandi breytingum, í íþróttahúsi Hraunvallaskóla fór Bogfimifélagið Hrói Höttur úr 6 tímum (10 tímum með lánstímum frá Haukum og ÍBH) í 12 tíma, skiluðu 1 tíma til ÍBH sem var ekki notaður, þannig að þau enduðu með 11 tíma. Blakfélag Hafnarfjarðar fór úr 6 tímum í 8 tíma í íþróttahúsi Setbergsskóla, Blakfélag Hafnarfjarðar fór úr 9 tímum í 12 tíma í íþróttahúsi Víðistaðaskóla og Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar fékk 8 tíma í íþróttahúsi Setbergsskóla, en skilaði 2 tímum sem voru ekki notaðir. Sumarúthlutun knattspyrnuvelli 1. maí – 30. september 2022, samkomulag að FH sé með Risann og Dverginn, Haukar með gervigras Ásvalla. Tveir knattspyrnuvelli við Hvaleyrarvatn, Hamranesvöllur frá 15. maí – 15. september 2022, FH fékk 52 tíma og Haukar 24 tíma, Bogfimifélagið Hrói Höttur gat notað Hamranesvöll til bogfimiæfinga, mán. - fim. kl. 19.30-22.00, fös. kl. 18.00-22.00, fyrir kl. 16.00 alla virka daga og á sunnudögum.

Vetrarúthlutun knattspyrnuvellið 1. október 2022 – 30. apríl 2023, ákveðið að gera með sér samkomulag sem var eftirfarandi, Haukar fengu gervigras Ásvalla, FH fékk Risann og Dverginn, Haukar fengu tíma á þriðjudögum kl. 19.45-23.00, laugardögum kl. 16.00-18.00 og sunnudögum kl. 18.00-23.00 í Skessunni, 10,15 kls. FH fékk aðra tíma í Skessunni, 24,45 kls. síðan voru 18 tímar áætlaðir fyrir fjármögnun. Sundfélag Hafnarfjarðar og Íþróttafélagið Fjörður voru með sömu tíma í sundlaugum Hafnarfjarðarbæjar og árið áður.



## Fræðslu- og forvarnarmál

ÍSÍ er í samstarfi við Háskólann í Reykjavík, Háskóla Íslands og UMFÍ varðandi ráðstefnur og fræðslufyrirlestra. ÍSÍ sendir ÍBH allar upplýsingar um þjálfaramenntun, fræðslufyrirlestra og ráðstefnur sem ÍBH áframsendir til aðildarfélaga sinna.

Aðildarfélögin verða síðan að senda póstinn áfram til stjórnarfólks og þjálfara í félögunum. ÍSÍ er sífellt að auka fræðsluefni á heimasíðu sinni, [www.isi.is](http://www.isi.is), undir flípanum fræðsla, þar er m.a. hægt að nálgast alla fræðslubæklinga rafrænt og horfa á fyrirlestra á vimeósíðu. Flest aðildarfélög ÍBH eru með heimasíður með upplýsingum um starfsemi þeirra. ÍH, Bílklúbbur Hafnarfjarðar, Blakfélag Hafnarfjarðar, Tennisfélag Hafnarfjarðar og Sambo 80 eru með Facebooksíður. Undir flípanum aðildarfélög á heimasíðu ÍBH er hægt að komast inn á heimasíður og samfélagsmiðla félaganna.



Fræðslufundir og ráðstefnur.

Ráðstefna – Íþróttir eru fyrir alla. Var hluti af Reykjavíkurlaikunum (RIG) og haldinn 4. febrúar 2021 í samvinnu við ÍSÍ, UMFÍ, Háskólinn í Reykjavík og ÍBR.

Námskeið um tómstundir, íþróttir og ADHD var auglýst í mars 2021 og haldið af ADHD samtökunum. Stjórnendanámskeið fyrir stjórnendur í íþróttahreyfingunni var 22. – 24. september 2021 haldið af ÍSÍ. Námskeiðið er byggt á efni frá Alþjóðaólympíunefndinni en hefur verið aðlagð íslenskum raunveruleika.

Hádegisfundur ÍSÍ um næringarfræði íþróttafólks haldið 25. júní 2021 fyrirlesari var Elísa Viðarsdóttir matvæla- og næringarfræðingur.

Málþing um afreksíþróttir í Íþróttamiðstöðinni Laugardal 27. september 2021 haldið af ÍSÍ.

Verndarar barna – forvarnarverkefni, fyrirlestrar / fræðsla fór fram 29. september, 7. október 2021 og 29. október 2022 á ensku, haldið af Barnaheill í umsjón Hafnarfjarðarbæjar.

Hádegisfundur ÍSÍ og KKÍ 19. nóvember 2021 um kvendómara á afreksstigi í Íþróttamiðstöðinni Laugardal, fundinum var einnig streymt.

Kynningarfundur á embætti samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs haldinn í Sjónarhól Kaplakrika 24. nóvember 2021 haldinn af samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs í samvinnu við ÍSÍ í umsjón ÍBH.

Málþing um fótbolta fór fram 25. febrúar 2022 í höfuðstöðvum KSÍ í Laugardal Reykjavík og haldið af KSÍ.

Ráðstefna um heilahristing 30. apríl – 1. maí 2022 haldin af fræðslunefnd félags sjúkraþjálfara, Háskólanum í Reykjavík og ÍSÍ, í Háskólanum í Reykjavík.

Fjarfundur á Alþjóðlega kvennadeginum 8. mars 2022 um stöðu kvenna í íþróttum í boði Evrópuráðsins, umsjón ÍSÍ.

Fjarfundur 8. mars 2022 Íþróttagleði verður til með fjölbreytileika í þjálfarahlutverkinu í boði Íþrótt- og Ólympíusambands Noregs, umsjón ÍSÍ.

Fræðslufundur um Sportabler nýtt starfsskýrsluskilakerfi ÍSÍ og UMFÍ 5. apríl 2022 fór fram í félagssal SH Ásvallalaug, ÍSÍ sá um kennsluna og ÍBH var með umsjón.

Hádegisfundur HR og ÍSÍ 22. apríl 2022 um hæfileikamótun barna og unglunga úr bágri samfélagslegri og efnahagslegri stöðu, fyrirlesari Rob Book, haldið í Háskólanum í Reykjavík.

Fyrirlestur æfingar og keppni kvenkyns leikmanna með tilliti til tíðarhrings fór fram 27. ágúst 2022, fyrirlesari Clare Conlon, haldið í höfuðstöðvum KSÍ af KSÍ.

Hádegisfundur HR og ÍSÍ 29. ágúst 2022, markmiðasetning fór fram í Háskólanum í Reykjavík, fyrirlesarar Dr. Robert S. Weinberg og Dr. Daniel Gould.

Hádegisfundur HR og ÍSÍ 31. ágúst 2022, örráðstefna um þjálfaramenntun fór fram í Háskólanum í Reykjavík, fyrirlesarar Viðar Sigurjónsson, Ingi Þór Einarsson, Helga Svana Ólafsdóttir og Sveinn Þorgeirsson.

Fræðslufundur um hjartatengdvandamál hjá íþróttafólki fór fram 3. september 2022 í höfuðstöðvum KSÍ, fyrirlesari Dr. Martin Halle, haldið í samvinnu við Fastus, Ergoline, GE Healthcare, KSÍ og ÍSÍ. Umsjón Prof. Dr. Birna Bjarnason-Wehrens.

Hádegisfundur í HR 6. október 2022, um endurkomu knattspyrnufólks á völlinn eftir meiðsli með hjálp faglegrar næringarráðgjafar. Fyrirlesari Dr. Chris Curtis. Umsjón Háskólinn í Reykjavík og ÍSÍ.

Íþróttabandalagið í Hafnarfirði bauð upp á fyrirlestur um BETRI SVEFN – AUKIÐ ÚTHALD – HRAÐARI ENDURHEIMT – BETRI ÁRAGNUR 22. nóvember 2022 í félagssal íþróttamiðstöðvarinnar á Ásvöllum fyrirlesari Dr. Erla Björnsdóttir sálfræðingur.



Fræðslubæklingar.

Í febrúar 2021 var sérstök athygli vakin á fræðslubæklingi ÍSÍ og Astma og ofnæmisfélags Íslands – Astmi og íþróttir. Bæklingurinn var bæði gefinn út og er rafrænn á heimasíðu ÍSÍ.

Í mars 2021 vakti ÍSÍ athygli á fræðslubæklingnum Íþróttir barnsins vegna á ensku Sports – for our children.






## Ánægja í íþróttum – Ánægjuvogin 2022 – Höfuðborgarsvæðið (ÍBR, UMSK og ÍBH)

Rannsóknir og greining (R&G) lögðu fyrir könnunina Ánægja í íþróttum – Ánægjuvogin 2022 - Ungt fólk, fyrir nemendur í 8. – 10. bekk í febrúar og mars 2022 og var svarhlutfallið 75%.

Niðurstöðurnar voru teknar saman eftir heilbrigðisumdæmum, íþróttahéruðin ÍBR, ÍBH og UMSK, voru tekin saman í eina skýrslu, höfuðborgarsvæðið. Íþróttafélög fengu síðan félagaskýrslur ef 15 iðkendur eða fleiri höfðu merkt við þau. Sjö félög af tuttugu og fimm innan ÍBH fengu félagaskýrslu, þau eru, Haukar, Björk, FH, Sörli, SH, BH og Keilir og voru skýrslurnar sendar á félögin.



Mynd 1. Hversu oft stundar þú (æfir eða keppir) íþróttir með íþróttafélagi. Hlutfall nemenda í 9. og 10. bekk á Íslandi, árin 2003–2022.

## Afrekssjóður ÍBH

Afrekssjóður er skipaður þremur mönnum frá ÍBH og tveimur frá Íþróttá- og tómstundanefnd Hafnarfjarðarbæjar. Árið 2021 var stjórn Afrekssjóðs skipuð eftirtöldum einstaklingum, frá ÍBH, Hörður Þorsteinsson formaður, Ragnar Hilmarsson gjaldkeri og Samúel Guðmundsson ritari. Frá Íþróttá- og tómstundanefnd Hafnarfjarðarbæjar (ÍTH) Tinna Hallbergsdóttir Sjálfstæðisflokki og Sigríður Ólafsdóttir Samfylkingunni. Eftir þing ÍBH á haustmánuðum 2021 komu inn nýir stjórnarmenn fyrir ÍBH, Aðalbjörg Óladóttir varð formaður, Ragnar Hilmarsson gjaldkeri og Sýlvía Ósk Speight ritari. Eftir kosningar að vori 2022 komu inn nýir fulltrúar frá ÍTH, þeir Einar Gauti Jóhannsson frá Framsóknarflokki og Sigurður Pétur Sigmundsson fyrir hönd Samfylkingar. Afrekssjóður ÍBH starfar eftir reglugerð sem er endurskoðuð árlega. Hafnarfjarðarbær leggur sjóðnum til fjármuni til styrktar afreksstarfi íþróttafélaganna. ÍBH leggur sjóðnum einnig til fjármuni árlega sem þing ÍBH ákveður hverju sinni þrjú ár í senn. Sækja þarf um styrki til skrifstofu ÍBH í rafrænni umsóknargátt á heimasíðu ÍBH innan tveggja mánaða frá því að ferð er farin. Skrifstofa ÍBH úthlutar styrkjum um leið og verkefnum er lokið að því tilskyldu að skrifstofa ÍBH hafi fengið öll gögn varðandi verkefnið. Hlutverk Afrekssjóðs ÍBH er að vinna eftir reglugerð um sjóðinn en undir hana falla eftirtaldir liðir, úthlutun afreksstyrkja til unglunga og ungmenna vegna þátttöku á EM, HM og ÓL verkefnum, úthlutun afreksstyrkja í fullorðinsflokki til einstaklinga vegna þátttöku í EM, HM og Ólympíuleikum í efsta flokki, úthlutun til liða vegna Evrópukeppni félagsliða. Sjóðurinn veitir styrki m.a. til almenns íþróttastarfs í formi ferðastyrkja með félagsliði, einstaklingsstyrkir sem breytast í fararstjórastyrki ef keppendur eru fjórir eða fleiri. Sjóðurinn veitir einnig ferðastyrki vegna landsliðsverkefna sem falla ekki undir afreksstyrkina.

# Styrkveitingar 2021

Afreksstyrkir

EM félagsliða

4 x kr. 660.000 = kr. 2.640.000.

2 x kr. 1.000.000 = kr. 2.000.000.

Afreksstyrkir fullorðnir

4 x kr. 75.000 = kr. 300.000 EM / HM.

4 x kr. 750.000 = kr. 3.000.000 ÓL / PARAL.

Afreksstyrkir unglingar / ungmenni

6 x kr. 75.000 = kr. 450.000.

Ferðastyrkir

Fararstjórastyrkir

0 x kr. 80.000 = kr. 0.

Einstaklingar með félagsliði

19 x kr. 30.000 = kr. 570.000.

Einstaklingar með landsliði

20 x kr. 40.000 = kr. 800.000.

Samtals kr. 9.760.000.



## Styrkveitingar 2022

Afreksstyrkir

EM félagsliða

1 x kr. 500.000 = kr. 500.000.

2 x kr. 1.000.000 = kr. 2.000.000.

Afreksstyrkir fullorðnir

20 x kr. 75.000 = kr. 1.500.000 EM / HM.

Afreksstyrkir unglingar / ungmenni

33 x kr. 75.000 = kr. 2.475.000 EM / EYOF / HM.

Ferðastyrkir

Fararstjórstyrkir

34 x kr. 80.000 = kr. 2.720.000.


Einstaklingar með félagsliði

40 x kr. 30.000 = kr. 1.200.000.

Einstaklingar með landsliði

98 x kr. 40.000 = kr. 3.920.000.

Samtals kr. 14.315.000.



## Reglugerð Afrekssjóðs ÍBH

Stjórn Afrekssjóðs ÍBH breytti reglugerðinni um sjóðinn 26. janúar 2021.

Breytingarnar urðu eftirfarandi, fjölga hámarki umsókna um ferðastyrki með félagsliði og landsliði úr 4 í 6. Hækka upphæðir, landsliðsferð úr kr. 30.000 í kr. 40.000, ferð með félagsliði úr kr. 25.000 í kr. 30.000, fararstjórástyrkur úr kr. 70.000 í kr. 80.000, EM félagsliða, kr. 240.000 í kr. 300.000, kr. 400.000 í kr. 500.000, kr. 560.000 í kr. 660.000, kr. 800.000 í kr. 1000.000, kr. 1000.000 í kr. 1.200.000, kr. 1.200.000 í kr. 1.500.000, taka út hvert félagslið getur að hámarki sótt um tvær umferðir á ári, afreksstyrkir unglínga / ungmenna kr. 60.000 í kr. 75.000, afreksstyrkir fullorðna kr. 60.000 í kr. 75.000.



## Smáþjóðaleikar 2021

Smáþjóðaleikarnir 2021 áttu að fara fram í Andorra, en var frestað vegna kórónuveirufaraldursins.



## Ólympíuleikarnir í Tókýó 2020

Anton Sveinn McKee Sundfélagi Hafnarfjarðar var eini keppandinn frá aðildarfélögum ÍBH að þessu sinni. Mótinu var frestað um ár vegna kórónuveirunnar. Hann keppti í 200 m bringusundi 27. júlí 2021. Í undanrásum varð hann annar í mark í sínum riðli og komst ekki áfram í undanúrslit. Anton Sveinn synti á tímanum 2:11,64 mín., en Íslandsmet hans í greininni er 2:10,21 mín. Hann hefði þurft að synda á tímanum 2:09,95 mín. til þess að komast áfram. Anton hafnaði í 24. sæti af 40 keppendum í greininni.



## Keppendur á Paralympics Games 2020 í Tókýó

Paralympics Games 2020 voru haldnir 24. ágúst – 5. september 2021, leikunum var frestað um ár vegna kórónuveirunnar. Aðildarfélög ÍBH áttu þrjú keppendur á mótinu.

Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir keppandi frá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar er í flokki F37, hreyfihamlaðra og keppti í tveimur greinum á mótinu. Í kúluvarpi varpaði hún 9,57m og stórbætti Íslandsmet sitt í greininni, en fyrra met hennar var 9,10m, hún endaði í 7. sæti í kúluvarpinu. Í langstökki stökk hún 4,04m, 23 sentimetra frá sínum besta árangri og endaði í 8. sæti.





Patrekur Andrés Axelsson keppandi frá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar er í flokki T11, blindir, keppti í einni grein á mótinu. Hann hljóp 400m hlaup með aðstoðarhlaupara, Helga Björnssyni. Patrekur Andrés hljóp á tímanum 56,73 sek. sem er nýtt Íslandsmet, en hann átti gamla metið sjálfur sem var 56,95 sek. Hann varð sjöundi eftir undanrásir, en fjórir komust í úrslit, sigurvegarar úr þremur riðlum og fjórði besti tíminn.

Róbert Ísak Jónsson keppandi frá Íþróttafélaginu Firði / Sundfélagi Hafnarfjarðar er í flokki S14, þroskahamlaðra, keppti í þremur greinum á mótinu. Hann varð sjötti í 100m flugsundi á tímanum 58,06 sek., þar sem hann setti m.a. tvö ný Íslandsmet. Tíundi í 100m bringusundi á tímanum 1:10,12 mín. og sjötti í 200m fjórsundi á tímanum 2:12,89 mín. þar sem hann stórbætti eigið Íslandsmet, Íslandsmet hans var 2:14,16 mín. Ljósmyndir ÍSÍ.



## Fulltrúaráðsfundur ÍBH 10. maí 2022

Fulltrúaráðsfundur ÍBH var haldinn 10. maí 2022 í Betri stofunni í Firði. Áhersla fundarins voru markaðsmál í íþróttahreyfingunni. Tuttugu og átta manns frá aðildarfélögum ÍBH og stjórn ÍBH mættu á fundinn og hlýddu á erindi frá Tryggva Frey Elínarsyni frá Datera um markaðssetningu íþróttafélaga á netmiðlum, síðan var Andri Ómarsson frá Hafnarfjarðarbæ með erindi um markaðssetningu íþróttafélaga í sveitarfélaginu og að lokum var Ólafur Árdal frá Sundfélagi Hafnarfjarðar með erindi um markaðssetningu íþróttafélags á netmiðlum. Fulltrúar íþróttafélaga tóku til máls og greindu frá starfinu í sínu félagi, Sveinn Heiðar fulltrúi Hestamannafélagsins Sörla stal senunni með því að upplýsa fundarmenn um að það væru 3300 hross í Hafnarfirði, en ekkert íþróttafélag í Hafnarfirði toppar það í iðkendafjölda. Fundinum lauk með veitingum og óformlegu spjalli, þar sem bæjarstjórinn í Hafnarfirði Rósa Guðbjartsdóttir og nokkrir bæjarfulltrúar voru mættir. Myndirnar eru af fundinum.



## 75. Íþróttaping ÍSÍ 2021

Var haldið föstudaginn 7. maí og var fjarping.

9 tillögur lágu fyrir þinginu. Þrjár þeirra fengu umræðu á þinginu en umræðu um sex þeirra var frestað fram á haust. Breytingatillaga kom á þinginu við tillögu 8, um skiptingu á auka arðgreiðslu frá Íslenskri getsþá, og var hún samþykkt. Sú tillaga hafði jafnframt áhrif á tillögu 7 um fjárhagsáætlun ÍSÍ sem tók þannig smávægilegum breytingum. Samþykkt var að fresta þinginu til byrjun október 2021 og var eftirfarandi tillaga samþykkt: „75. Íþróttaping ÍSÍ, haldið þann 7. maí 2021, samþykkir að fresta þingstörfum til kl. 13:00 laugardaginn 9. október nk. og þar með þeim verkefnum sem eftir eru, þ.e.: heiðranir og nefndarstörf vegna tillagna á þingskjölum nr. 2, 3, 4, 5, 6 og 9 sem og afgreiðslu á þeim. Um er að ræða dagskrárliði 5, 12, 14, 15, 16, 18, 19 og 21. Þingnefndir starfi til loka framhaldsþings. Þingnefndir 75. Íþróttapings starfi í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal föstudaginn 8. október frá klukkan 16:00.“ Kjörnir voru 7 aðilar til fjögurra ára í framkvæmdastjórn ÍSÍ auk þess að staðfestur var fulltrúi íþróttamannanefndar ÍSÍ í framkvæmdastjórn ÍSÍ til tveggja ára. Þá var kosið í dómstól og áfrýjunardómstól ÍSÍ, kjörnefnd ÍSÍ og kosnir skoðunarmenn reikninga.

Fulltrúar ÍBH voru Hrafnkell Marinósson, Magnús Gunnarsson, Viðar Halldórsson, Ragnar Hilmarsson, Hörður Þorsteinsson, Aðalsteinn Valdimarsson, Karl Georg Klein og Elísabet Ólafsdóttir.



Þingskjal nr. 9b

Tillaga um breytingu á skiptingu tekna frá Íslenskri getspá 75. Íþróttapening ÍSÍ, haldið 9. október 2021 í Gullhömrum í Reykjavík, samþykkir endurskoðaða reglugerð ÍSÍ um skiptingu lottóhagnaðar. Reglugerðin er svohljóðandi með áorðnum breytingum: ÚTHLUTUNARREGLUR ÍSÍ VEGNA LOTTÓ 1. grein Af óskiptu fari: 8% til Afrekssjóðs ÍSÍ 5% til ÍSÍ 17% til útbreiðslustyrks Útbreiðslustyrkur skiptist þannig í. Sérsambönd 67% 50% jafnt 10% miðað við iðkendur 40% skv. ákvörðun framkvæmdastjórnar ÍSÍ ii. Íþróttahéruð 33% Framkvæmdastjórn ÍSÍ skal úthluta útbreiðslustyrk til héraðssambanda og íþróttabandalaga með það að markmiði að auka jöfnuð á milli þeirra pr. íbúa 18 ára og yngri, þ.e. miðað við hlutdeild þeirra í heildargreiðslum UMFÍ og ÍSÍ. 2. grein Af því sem þá er eftir: 55% til íþróttahéraða 45% til sérsambanda 3. grein Hluta íþróttahéraða verði skipt þannig: 6 % jafnt - óháð stærð 94% eftir íbúafjölda 18 ára og yngri 31. desember næstliðins árs með þeirri leiðréttingu að hlutur héraðssambanda með aðild að UMFÍ verði lækkaður um 22% vegna aðildar bæði að UMFÍ og ÍSÍ. Framkvæmdastjórn úthlutar ofangreindum 22% til íþróttabandalaga. 4. grein Hluta sérsambanda verði skipt þannig: 15% jafnt - óháð stærð þeirra. 85% eftir umfangi / stærð samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnar. - 10 - 5. grein Ágóði af rekstri Íslenskrar getspár skal notaður til eflingar íþróttar í landinu. Eingöngu má veita ágóðanum til íþróttagreina sem eru viðurkenndar af ÍSÍ og uppfylla þar með alþjóðlegar lyfjaeftirlitsreglur. Úthlutunarreglur samþykktar á Íþróttapeningi ÍSÍ 2021.

## ÍSÍ kynnti nýtt starfsskýrsluskilakerfi í Hafnarfirði

Þriðjudaginn 5. apríl 2022 kynnti Elías Atlason starfsmaður ÍSÍ nýtt starfsskýrsluskilakerfi ÍSÍ og UMFÍ. Kynningin fór fram í félagssal Sundfélags Hafnarfjarðar í Ásvallalaug. ÍSÍ og UMFÍ eru að hætta með starfsskýrsluskilakerfið Felix. Nýja starfsskýrsluskilakerfið er í Sportabler sem mörg íþróttafélög eru farin að nota við skráningar til greiðslu á æfingagjöldum þar sem forráðamenn geta m.a. notað frístundastyrk sveitarfélagsins til greiðslu æfingagjalda. Myndirnar eru frá kynningunni.



## Aðalfundir og starfsskýrslur ÍSÍ

Íþróttafélögum og deildum ber að auglýsa aðalfundi samkvæmt lögum sem þau starfa eftir og tilkynna skrifstofu ÍBH um hvenær og hvar þeir eru haldnir. Öllum íþróttafélögum og deildum þeirra sem hafa eigin stjórn, ber að halda aðalfund árlega, þar sem starfsskýrsla og undirritaðir ársreikningar eru kynntir fyrir félagsmönnum til samþykktar. Félögin eiga að skila ársskýrslum og undirrituðum ársreikningum til ÍBH og íþróttafulltrúa Hafnarfjarðarbæjar að loknum aðalfundum félaga, deilda og rekstrarfélaga. Hafnarfjarðarbær getur einnig gert athugasemdir við starfsskýrslur íþróttafélaga sem eru með þjónustusamning og rekstrarsamning við Hafnarfjarðarbæ á grundvelli samstarfssamnings ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar.



Öllum aðildarfélögum ÍBH og íþróttadeildum þeirra, ber að skila starfsskýrslum inn í rafrænt kerfi, Felix árið 2021 en varð Sportabler 2022, fyrir 15. apríl ár hvert. ÍBH ber ábyrgð á að starfsskýrslunum sé skilað til ÍSÍ í Felix- / Sportablerkerfið, ef það er ekki gert, geta félögin átt von á keppnisbanni frá ÍSÍ. ÍBH og ÍSÍ gera athugasemdir ef skýrslurnar þarfnast leiðréttingar. ÍSÍ enduropnar skýrslurnar fyrir þau félög sem þurfa að lagfæra þær og er ekki tekið á móti þeim fyrr en félög hafa leiðrétt þær samkvæmt ábendingum ÍBH og ÍSÍ. Ef félög geta ekki skilað skýrslunum á réttum tíma ber þeim að sækja um frest á skilunum til ÍBH og ÍSÍ og tilgreina ástæður frestunar.

Árið 2021 skilaði fyrsta félagið inn starfsskýrslunni 29. mars og fyrir 15. apríl voru tíu félög búin að skila. Alls áttu 22 félög að skila inn starfsskýrslum og skilaði síðasta félagið 27. ágúst 2021 eftir umsamin skilafrest. Árið 2022 var nýtt starfsskýrsluskilakerfi Sportabler tekið í notkun og skilafresti seinkað til 1. maí 2022. Fyrsta félagið skilaði 3. maí og síðasta félagið 10. ágúst. Alls áttu 24 félög að skila inn starfsskýrslum.

## Lottóúthlutun

Lottótekjur hækka á milli ára. Árið 2020 urðu þær kr. 3.160.517 að meðaltali á mánuði miðað við 12 mánuði, samtals kr. 37.926.199 yfir árið. Árið 2021 urðu þær kr. 3.263.143 að meðaltali á mánuði miðað við 12 mánuði, samtals kr. 39.157.717, í maí 2021 var greidd aukagreiðsla að upphæð kr. 3.520.642 sem var greidd til aðildarfélaganna eftir skiptireglum ÍBH, ósóttir vinningar voru 2021 kr. 1.487.416 og útbreiðslustyrkur kr. 5.592.771, samtals kr. 49.758.546. Árið 2022 urðu lottótekjur kr. 3.454.432 að meðaltali á mánuði miðað við 12 mánuði, samtals kr. 41.453.182, í janúar 2022 var greidd aukagreiðsla að upphæð kr. 5.191.400 sem var greidd til aðildarfélaganna eftir skiptireglum ÍBH, ósóttir vinningar voru 2022 kr. 298.528 og útbreiðslustyrkur kr. 6.022.814, samtals kr. 52.965.924. ÍBH úthlutar þessum tekjum beint út til félaganna að frádregnum 10% hluta sem verður eftir hjá ÍBH, ósóttir vinningar og útbreiðslustyrkur hafa einnig orðið eftir hjá ÍBH frá upphafi fyrir rekstri og útbreiðslu.





## Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

ÍBH og ÍSÍ hvetja aðildarfélög og deildir þeirra til að stefna markvisst að því að sækja um viðurkenninguna „Fyrirmyndarfélag ÍSÍ“.

Golfklúbburinn Keilir fékk Fyrirmyndarfélag ÍSÍ viðurkenninguna í maí 2017 og er eina íþróttafélagið innan ÍBH sem er með þessa gæðaviðurkenningu gilda 2021.

Endurnýja þarf hana eftir fjögur ár.



## Fyrirmyndaríþróttahérað ÍSÍ

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) fékk viðurkenninguna í desember 2019 og gildir hún í fjögur ár, þá þarf að endurnýja hana til að viðhalda henni.



## Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 2021

Árleg Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar fór fram þriðjudaginn 28. desember 2021. Hátíðin fór fram í streymi á miðlum Hafnarfjarðarbæjar vegna samkomutakmarkanna. Ágúst Bjarni Garðarsson formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar afhenti íþróttakarli og íþróttakonu Hafnarfjarðar viðurkenningar fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar.

Aðildarfélög ÍBH áttu 317 Íslandsmeistara 2021.

### Bikarmeistarar

Tíu hópar urðu bikarmeistarar, þar af sjö í efsta flokki, Fimleikafélagið Björk í áhaldafimleikum kvenna frjálsar æfingar, Fimleikafélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í frjálsíþróttum í kvennaflokki utanhúss, Fimleikafélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í frjálsíþróttum í karlaflokki utanhúss, Fimleikafélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í karla- og kvennaflokki samanlagt utanhúss, Knattspyrnufélagið Haukar bikarmeistarar kvenna í körfuknattleik, Sundfélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í sundi karlasveit og Sundfélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í sundknattleik karlar.

### Deildarmeistarar

Þrjú lið urðu deildarmeistarar, þar af tvö í efsta flokki, Knattspyrnufélagið Haukar meistaraflokkur karla í handknattleik og Badmintonfélag Hafnarfjarðar A-lið meistaraflokkur karla í borðtennis.

### Styrkir

Hafnarfjarðarbær veitir hópum sem verða Íslands-, bikar- eða deildarmeistarar í efsta flokki viðurkenningarstyrk að upphæð kr. 300.000 á titil.

### Viðurkenningar vegna góðs árangurs á alþjóðlegum mótum

Sara Rós Jakobsdóttir og Nicoló Barbizi Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar urðu Norðurlandameistarar í dansi standard fullorðinna. Margrét Lea Kristinsdóttir Fimleikafélaginu Björk vann til silfurverðlauna í gólfæfingum á Norður-Evrópumóti í áhaldafimleikum. Róbert Ísak Jónsson sundmaður úr Íþróttafélaginu Firði vann silfurverðlaun í 100m flugsundi og bronsverðlaun í 200m fjórsund á Evrópumóti fatlaðra í sundi.

## Afreksmenn

Tuttugu afreksmenn voru tilnefndir til kjörs á íþróttakarli Hafnarfjarðar og íþróttakonu Hafnarfjarðar.

Guðrún Edda Min Harðardóttir fimleikakona úr Fimleikafélaginu Björk, Margrét Lea Kristinsdóttir fimleikakona úr Fimleikafélaginu Björk, María Rún Gunnlaugsdóttir frjálsíþróttakona úr Fimleikafélagi Hafnarfjarðar, Guðrún Brá Björgvinsdóttir kylfingur Golfklúbbum Keili, Emelía Ýr Gunnarsdóttir sundkona Íþróttafélaginu Firði, Una Hrund Örvar badmintonkona Badmintonfélagi Hafnarfjarðar, Jóhanna Elín Guðmundsdóttir sundkona Sundfélagi Hafnarfjarðar, Sara Rós Jakobsdóttir dansari Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar, Annika Friðheim Petersen handknattleikskona Knattspyrnufélaginu Haukum, Lovísa Björt Henningsdóttir körfuknattleikskona Knattspyrnufélaginu Haukum, Hilmar Örn Jónsson frjálsíþróttamaður Fimleikafélagi Hafnarfjarðar, Magnús Gauti Úlfarsson borðtennismaður Badmintonfélagi Hafnarfjarðar, Daníel Ísak Steinarsson kylfingur Golfklúbbum Keili, Róbert Ísak Jónsson sundmaður Íþróttafélaginu Firði, Róbert Ingi Huldarsson badmintonmaður Badmintonfélagi Hafnarfjarðar, Anton Sveinn McKee sundmaður Sundfélagi Hafnarfjarðar, Nicoló Barbizi dansari Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar, Arnar Elí Gunnarsson akstursíþróttamaður Akstursíþróttafélagi Hafnarfjarðar, Leo Anthony Speight taekwondomaður Fimleikafélaginu Björk og Tjörvi Þorgeirsson handknattleiksmáður Knattspyrnufélaginu Haukum.

## Íþróttakona Hafnarfjarðar 2021

Íþróttakona Hafnarfjarðar 2021 var Guðrún Brá Björgvinsdóttir kylfingur úr Golfklúbbnum Keili. Guðrún Brá er ein af fremstu kylfingum landsins og hefur verið það í mörg ár. Hún varð kvennkylfingur Golfsambands Íslands og Keilis 2021. Á árinu varð hún Íslandsmeistari kvenna í holukeppni og sigraði á móti B59 á mótaröð þeirra bestu. Guðrún Brá er atvinnukylfingur í golfi og leikur á Evrópumótaröð kvenna þar sem hún var með fullan þátttökurétt á árinu. Hún tók þátt í sextán mótum á árinu og vann sér inn þátttökurétt á lokamóti á Evrópumótaröðinni á Spáni í nóvember sl. Besti árangur hennar í ár var 12. sæti á Aramaco mótinu á Englandi í júlí sl. og 8. sæti á ATS í Saudi Arabíu í nóvember sl. Guðrún Brá endaði í 75. sæti á styrkleikalista LET Evrópumótaraðarinnar. Hún er í sæti 649 á heimslista atvinnukvenna í golfi. Guðrún Brá heldur fullum rétti á LET mótaröðinni á árinu 2022 sem hefst í febrúar 2022. Hún er fjórða íslenska konan sem náð hefur keppnisrétt á LET Evrópumótaröðinni.



## Íþróttakarlf Hafnarfjarðar 2021

Íþróttakarlf Hafnarfjarðar 2021 var Róbert Ísak Jónsson úr Íþróttafélaginu Firði. Róbert Ísak sundmaður varð íþróttakarlf Fjarðar og Íþróttasambands fatlaðra 2021. Hann varð fjórfaldur Íslandsmeistari í 25m laug í flokki S14 og þrefaldur Íslandsmeistari í 50m laug. Einnig setti hann fjölda Íslandsmeta á árinu. Hann vann silfurverðlaun í 100m flugsundi og bronsverðlaun í 200m fjórsundi á EM á Madeira. Á Paralympics 2020 í Tókýó, sem fór fram 2021 náði hann 6. sæti í 100m flugsundi og 200m fjórsundi.



## Afrekslið ársins í Hafnarfirði 2021

Varð meistaraflokkur kvenna í körfuknattleik hjá Knattspyrnufélaginu Haukum. Liðið náði að verða í öðru sæti á Íslandsmótinu. Liðið varð bikarmeistari og meistari meistaranna í haust. Einnig vann liðið fyrsta Evrópuleik sem íslenskt kvennalið hefur unnið núna í haust þegar portúgalska liðið Union Sportiva var lagt í forkeppni EuroCup. Haukar höfðu betur í samanlögðum úrslitum tveggja leikja þessa félaga og fóru í riðlakeppni Evrópukeppninnar. Með þessari frammistöðu eru Haukar að fara fyrir íslenskum kvennaliðum í körfuknattleik og er atburðurinn einstakur í íslenskri íþróttasögu.





## ÍSÍ bikar 2021

Sundfélag Hafnarfjarðar hlýtur ÍSÍ bikarinn 2021

Markvisst öflugt starf með vel menntuðum og reynslumiklum þjálfurum leiddi til góðs árangurs frá börnum til garpa á árinu. Félagið bauð upp á mikinn fjölda fjölbreyttra námskeiða á árinu og hefur tekist að fjölga iðkendum jafnt og þétt undanfarin ár. Félagið eignaðist 31 Íslandsmeistara í barna-, unglunga- og fullorðinsflokkum og 19 Íslandsmeistara í flokki garpa 2021. Karlalið félagsins varð bikarmeistari í sundi og karlalið félagsins varð einnig bikarmeistari í sundknattleik. Á árinu unnu þrjár einstaklingar til verðlauna á Norðurlandameistaramóti æskunnar og tuttugu einstaklingar urðu Norðurlandameistarar garpa í sundi. Anton Sveinn McKee var eini Íslendingurinn sem náði lágmörkum inn á Ólympíuleikana í Tókýó 2020, en leikarnir fóru fram 2021 vegna kórónuveirufaraldursins og var hann á meðal keppenda þar í 200m bringusundi.

Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH afhenti félaginu bikarinn og Karl Georg Klein formaður Sundfélags Hafnarfjarðar tók á móti honum fyrir hönd SH.



## Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 2022

Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar fór fram þriðjudaginn 27. desember 2022 í Íþróttahúsinu við Strandgötu.

### Íslandsmeistarar

Aðildarfélög ÍBH áttu 372 Íslandsmeistara 2022.

### Bikarmeistarar

Sextán hópar urðu bikarmeistarar, þar af ellefu í efsta flokki, Fimleikafélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í frjálsíþróttum í kvennaflokki innanhúss, Fimleikafélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í frjálsíþróttum í karlaflokki innanhúss, Fimleikafélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í karla- og kvennaflokki samanlagt innanhúss, Fimleikafélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í frjálsíþróttum í kvennaflokki utanhúss, Fimleikafélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í frjálsíþróttum í karlaflokki utanhúss, Fimleikafélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í karla- og kvennaflokki samanlagt utanhúss, Íþróttafélagið Fjörður bikarmeistarar í sundi fatlaðra, Badmintonfélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í borðtennis blandað lið, Knattspyrnufélagið Haukar bikarmeistarar kvenna í körfuknattleik, Sundfélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í sundi kvennasveit og Sundfélag Hafnarfjarðar bikarmeistarar í sundi karlasveit.

## Deildarmeistarar

Sjö lið urðu deildarmeistarar, ekkert í efsta flokki, Knattspyrnufélagið Haukar meistaraflokkur karla í körfuknattleik í 1. deild (næst efstu deild), Fimleikafélag Hafnarfjarðar meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu í 1. deild (næst efstu deild), Fimleikafélag Hafnarfjarðar 5. flokkur karla A-lið í knattspyrnu, Fimleikafélag Hafnarfjarðar 4. flokkur kvenna A-lið í knattspyrnu, Fimleikafélag Hafnarfjarðar 4. flokkur karla B-lið í knattspyrnu, Fimleikafélag Hafnarfjarðar 3. flokkur kvenna B-lið í knattspyrnu og Knattspyrnufélagið Haukar 10. flokkur stúlkna í körfuknattleik unnu 2. deild kvenna.

## Styrkir

Hafnarfjarðarbær veitir hópum sem verða Íslands-, bikar- eða deildarmeistarar í efsta flokki viðurkenningarstyrk að upphæð kr. 300.000 á titil.

Viðurkenning fyrir sérstök afrek

Birnir Freyr Hálfánarson Sundfélagi Hafnarfjarðar vann bronsverðlaun í 200m fjórsundi á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar, gullverðlaun í 100m flugsundi og 200m fjórsundi á Norðurlandameistaramóti Æskunnar og gullverðlaun í 200m fjórsundi unglunga á Norðurlandameistaramóti. Erlingur Örn Árnason, Steinn Jóhannsson, Birna Jóhanna Ólafsdóttir, Kristín Jóna Skúladóttir og Trausti Sveinbjörnsson Sundfélagi Hafnarfjarðar unnu gullverðlaun í flokki garpa á Norðurlandameistaramóti, Trausti með þrenn gullverðlaun. Aníta Ósk Hrafnisdóttir Íþróttafélaginu Firði vann gullverðlaun í 1500m hlaupi fatlaðra á Norðurlandameistaramóti og vann gullverðlaun í 800m hlaupi og kúluvarpi á Special Olympics. Kolbeinn Höður Gunnarsson Fimleikafélagi Hafnarfjarðar vann gullverðlaun í 100m og 200m hlaupum á Smáþjóðameistaramóti. Axel Bóasson Golfklúbbnum Keili vann Rewell Elisefarm Challenge mótið á Nordic league mótaröðinni. Róbert Ísak Jónsson Íþróttafélaginu Firði gullverðlaun á Norðurlandamóti fatlaðra í 200m fjórsundi og 100m bringusundi.

## Afreksmenn

Tuttugu afreksmenn voru tilnefndir til kjörs á íþróttakarli Hafnarfjarðar og íþróttakonu Hafnarfjarðar. Tómas Kári Björgvinsson Rist hjólreiðamaður úr Brettafélagi Hafnarfjarðar, Jóhann Ingi Fylkisson akstursíþróttamaður Akstursíþróttafélagi Hafnarfjarðar, Hilmar Örn Jónsson frjálsíþróttamaður úr Fimleikafélagi Hafnarfjarðar, Leo Anthony Speight taekwondamaður úr Fimleikafélaginu Björk, Anton Sveinn McKee sundmaður úr Sundfélagi Hafnarfjarðar, Róbert Ísak Jónsson sundmaður úr Íþróttafélaginu Firði, Þorsteinn Bárðarson hjólreiðamaður úr Hjólreiðafélaginu Bjarti, Nicolo Barbizi dansari úr Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar, Magnús Gauti Úlfarsson borðtennismaður úr Badmintonfélagi Hafnarfjarðar, Axel Bóasson kylfingur úr Golfklúbbum Keili, Guðbjörg Reynisdóttir bogfimikona úr Bogfimifélaginu Hróa Hetti, Telma Rut Hafþórsdóttir akstursíþróttakona Akstursíþróttafélagi Hafnarfjarðar, Aníta Hinriksdóttir frjálsíþróttakona Fimleikafélagi Hafnarfjarðar, Jóhanna Elín Guðmundsdóttir sundkona Sundfélagi Hafnarfjarðar, Aníta Ósk Hrafnisdóttir frjálsíþróttakona Íþróttafélaginu Firði, Díanna Björk Olsen hjólreiðakona Hjólreiðafélaginu Bjarti, Sara Rós Jakobsdóttir dansari Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar, Sól Kristínardóttir Mixa borðtenniskona Badmintonfélagi Hafnarfjarðar, Guðrún Brá Björgvinsdóttir kylfingur Golfklúbbum Keili og Elín Klara Þorkelsdóttir handknattleikskona Knattspyrnufélaginu Haukum.

## Íþróttakona Hafnarfjarðar 2022

Íþróttakona Hafnarfjarðar 2022 er Guðrún Brá Björgvinsdóttir kylfingur úr Golfklúbbnum Keili. Guðrún Brá er atvinnukylfingur í golfi og leikur á Evrópumótaröð kvenna þar sem hún var með fullan þátttökurétt á árinu. Hún tók þátt í sextán mótum á árinu og besti árangur hennar var 10. sæti á ATS mótinu í Bangkok og bætir sig á heimslista atvinnukvenna í golfi á milli ára.



## Íþróttakarlar Hafnarfjarðar 2022

Íþróttakarlar Hafnarfjarðar 2022 er Anton Sveinn McKee sundmaður úr Sundfélagi Hafnarfjarðar. Anton Sveinn er landsliðsmaður í sundi og þátttakandi á heimsmeistaramóti og Evrópumeistaramóti í 50m laug þar sem hann lenti í 6. sæti í úrslitakeppni í 200m bringusundi á báðum mótum. Einnig var hann þátttakandi á heimsmeistaramóti í 25m laug þar sem hann lenti í 10. sæti í 200m bringusundi og í 18. sæti í 100m bringusundi. Hann æfir og keppir með atvinnumannaliði í sundi. Anton Sveinn var valinn sundkarlar Sundsambands Íslands 2022.



## Afrekslið ársins í Hafnarfirði 2022

Karla- og kvennalið frjálsíþróttadeildar FH stóð sig frábærlega á árinu 2022. Liðið sigraði í öllum frjálsíþróttamótum sem keppt var til stiga á árinu fyrir utan eina stigakeppni. Keppt er bæði í karla- og kvennaflokki auk þess sem keppt er samanlagt. Keppnir í frjálsíþróttum eru bæði haldin innanhúss og utanhúss. Þá vann liðið til fjölda titla bæði á Meistaramótum sem og í Bikarkeppni. Einstaklingar í liðinu settu Íslandsmet, tóku þátt í landskeppnum eins og smáþjóðameistaramóti. Liðið er því vel að því komið að vera valið íþróttalið Hafnarfjarðar árið 2022.





## ÍSÍ bikar 2022

Frjálsíþróttadeild FH hlýtur ÍSÍ bikarinn 2022. Félags- og íþróttaleg uppbygging frá yngri flokkum upp í meistaraflokka hefur verið góð á árinu og boðið hefur verið upp á starf fyrir eldri iðkendur. Deildin fékk flesta Íslandsmeistaratitla í Hafnarfirði á árinu.

Meistaraflokkar deildarinnar unnu 11 stigakeppnir af 12 mögulegum á árinu.

Deildin átti keppanda, Hilmar Örn Jónsson í úrslitum á Evrópumeistaramóti fullorðinna í sleggjukasti karla á árinu.

Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti ÍSÍ afhenti Elínu, Val og Hermanni frá frjálsíþróttadeild FH ÍSÍ bikarinn, Arnfríður Kristín Arnardóttir stjórnarmaður ÍBH stýrði athöfninni.



## Samningur ÍBH-Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar um stuðning fyrir íþróttastarfið yngri en 18 ára

Fyrri úthlutun 2021

Afhending íþróttastyrkja fór fram mánudaginn 7. júní 2021 fyrir yngri en 18 ára iðkendur aðildarfélaganna ÍBH. Athöfnin fór að þessu sinni fram í Álfafelli Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Birna Pála Kristinsdóttir fulltrúi fyrirtækisins Rio Tinto, Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjórinn í Hafnarfirði og Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH undirrituðu samning fyrir árið 2021 og afhendu fulltrúum aðildarfélaganna ÍBH styrkina.

Samningur er í gildi fyrir árið 2021 á milli Íþróttabandalagsins í Hafnarfirði, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar. Rio Tinto og Hafnarfjarðarbær greiða 10 milljónir króna á ári hvor aðili inn í samstarfið til stuðnings íþróttum barna og unglinga í Hafnarfirði.



Samtals var verið að úthluta 12 milljónum króna í fyrri úthlutun ársins úr sjóðnum eða 60% vegna iðkenda fjölda sem æfir reglulega í félögunum og jafnréttishvata. Óskað var eftir umsóknum frá aðildarfélögum ÍBH í aprílmánuði og sóttu 13 félög um stuðning úr sjóðnum. Eftirtalin félög fengu stuðning út frá samningi og umsóknum:

Fimleikafélag Hafnarfjarðar kr. 4.078.763.

Knattspyrnufélagið Haukar kr. 2.395.622.

Fimleikafélagið Björk kr. 1.981.043.

Sundfélag Hafnarfjarðar kr. 739.788.

Brettafélag Hafnarfjarðar kr. 513.879.

Badmintonfélag Hafnarfjarðar kr. 491.537.

Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar kr. 362.446.

Golfklúbburinn Keilir kr. 143.986.

Hestamannafélagið Sörli kr. 111.713.

Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar kr. 71.993.

Íþróttafélagið Fjörður kr. 54.615.

Bogfimifélagið Hrói Höttur kr. 32.273.

Tennisfélag Hafnarfjarðar kr. 22.343.

Samtals kr. 11.000.000.



Jafnréttishvataverðlaun 2021 hlutu  
Fimleikafélagið Björk kr. 500.000 fyrir mestu  
iðkendafjölgun þess kyns sem hallaði á (drengir)  
og Fimleikafélag Hafnarfjarðar kr. 500.000 fyrir  
mestu prósentuhækkun þess kyns sem hallaði á  
(stúlkur).



## Seinni úthlutun 2021

Óskað var eftir umsóknum frá aðildarfélögum ÍBH fyrir lok nóvembermánaðar 2021. 13 félög sóttu um styrki, en 12 félög uppfylltu skilyrði um stuðning samkvæmt samningi. Að þessu sinni fór Íþróttá- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar ekki fram sem athöfn með áhorfendum vegna kórónuveirufaraldursins, en seinni úthlutun styrkjanna hefur vanalega farið fram á henni.

Í þessari úthlutun var verið að úthluta seinni úthlutun ársins úr sjóðnum eða 40% vegna þjálfaramenntunar og námskráa, samtals 8 milljónum króna.

Eftirtalin félög fengu stuðning út frá samningi og umsóknum:

Fimleikafélag Hafnarfjarðar kr. 2.202.260.

Knattspyrnufélagið Haukar kr. 1.967.232.

Sundfélag Hafnarfjarðar kr. 1.032.768.

Fimleikafélagið Björk kr. 667.232.

Golfklúbburinn Keilir kr. 628.814.

Badmintonfélag Hafnarfjarðar kr. 437.853.

Hestamannafélagið Sörli kr. 357.062.

Íþróttafélagið Fjörður kr. 283.616.

Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar kr. 268.927.

Tennisfélag Hafnarfjarðar kr. 80.791.

Brettafélag Hafnarfjarðar kr. 58.757.

Bogfímifélagið Hrói Höttur kr. 14.689.

## Nýr samningur frá 2022

Um er að ræða tvo samninga annars vegar þríhliða samning milli ÍBH, Rio Tinto og Hafnarfjarðar og hins vegar tvíhliða samning milli ÍBH og Rio Tinto. Báðir samningar gilda frá 2022 – 2024. Á árinu 2022 greiðir hvor aðili 10 milljónir króna inn í samstarfið og í samningnum er ákvæði um endurskoðun, þ.e. samningsaðilar geta tekið upphæð samningsins til endurskoðunar í september ár hvert fyrir komandi ár, þó ekki til lækkunar, ef aðstæður leyfa. Breytingar eru á jafnréttishvata, hann verður nú jafnréttisviðurkenning sem félög sækja um með fyrri umsókn ársins. Félög eru einnig hvött til þess að taka jafnréttisumræðuna yfir á allt starf félaganna. Taka skal til hliðar af heildarfjárframlaginu eina milljón króna sem rennur til þess félags sem hlýtur jafnréttisviðurkenningu ár hvert. Félög sækja sérstaklega um jafnréttisviðurkenninguna og skal tilnefningum skilað til ÍBH fyrir 30. apríl. Jafnréttisnefnd, sem er skipuð einum fulltrúa frá Rio Tinto, einum fulltrúa frá Hafnarfjarðarbæ, einum fulltrúa frá ÍBH og einum fagaðila metur allar umsóknir. Jafnréttisviðurkenning verður úthlutað með fyrri úthlutun styrkja sem jafnan fer fram í júní. Jafnréttisnefnd er heimilt að skipta upphæðina niður og viðurkenna fleiri en eitt jafnréttisframtak. Upphæð við setningu Rio Tinto merkis hækkar. Rio Tinto á Íslandi hf styrkir hvert félag um kr. 300 á skilgreindan iðkanda samkvæmt samningi vegna kostnaðar við setningu Rio Tinto merkisins á keppnisbúninga iðkenda.

Myndin er frá undirrituninni, frá vinstri Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH, Rannveig Rist forstjóri Rio Tinto á Íslandi og Ágúst Bjarni Garðarsson formaður bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar.



## Fyrri úthlutun 2022

Afhending íþróttastyrkja fyrir yngri en 18 ára iðkendur aðildarfélaganna Íþróttabandalags Hafnarfjarðar (ÍBH) fór fram fimmtudaginn 9. júní 2022 með athöfn í Álverinu í Straumsvík.

Rannveig Rist forstjóri Rio Tinto á Íslandi, Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH og Kristinn Andersen forseti bæjarstjórnar fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar afhentu styrkina.

Samningur er í gildi fyrir árin 2022-2024 á milli Íþróttabandalagsins í Hafnarfirði, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar. Rio Tinto og Hafnarfjarðarbær greiða 10 milljónir króna á ári hvor aðili inn í samstarfið til stuðnings íþróttum barna og unglunga í Hafnarfirði.

Samtals var verið að úthluta 12 milljónum króna í fyrri úthlutun ársins úr sjóðnum eða 60% vegna iðkenda fjölda sem æfir reglulega í félögunum og jafnréttisviðurkenningar. Óskað var eftir umsóknum frá aðildarfélögum ÍBH í aprílmánuði og sóttu 13 félög um stuðning úr sjóðnum.



Eftirtalin félög fengu stuðning út frá samningi og umsóknum:

Fimleikafélag Hafnarfjarðar kr. 4.152.178.

Knattspyrnufélagið Haukar kr. 2.785.699.

Fimleikafélagið Björk kr. 1.596.623.

Sundfélag Hafnarfjarðar kr. 910.986.

Brettafélag Hafnarfjarðar kr. 637.690.

Badmintonfélag Hafnarfjarðar kr. 508.234.

Golfklúbburinn Keilir kr. 364.394.

Dansípróttafélag Hafnarfjarðar kr. 210.965.

Hestamannafélagið Sörli kr. 179.800.

Blakfélag Hafnarfjarðar kr. 45.549.

Bogfimifélagið Hrói Höttur kr. 38.357.

Tennisfélag Hafnarfjarðar kr. 35.960.

Íþróttafélagið Fjörður kr. 33.563.

Samtals kr. 11.500.000.



Jafnréttisviðurkenning var veitt í fyrsta skipti árið 2022. Sú nýbreyttni var tekin upp að félög þurftu nú að sækja um viðurkenninguna sjálf og skila inn samantekt á stöðu jafnréttismála inn í félaginu eða deildinni. Badmintondeild Badmintonfélags Hafnarfjarðar (BH) sótti um og skilaði góðri samantekt á stöðu jafnréttismála í deildinni að mati nefndar sem fór yfir umsóknir, hlaut deildin kr. 500.000 í styrk vegna góðrar stöðu á jafnréttismálum. Myndin er frá úthlutuninni.



## Seinni úthlutun 2022

Þriðjudaginn 27. desember 2022 fór fram úthlutun styrkja fyrir yngri en 18 ára iðkendur aðildarfélaganna ÍBH samkvæmt samningi milli ÍBH, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar, á árlegri Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar. Bjarni Már Gylfason framkvæmdastjóri samskiptasviðs Rio Tinto og Arnfríður Kristín Arnardóttir stjórnarmaður ÍBH afhentu styrkina. Alls sóttu ellefu félög um stuðning. Í þessari úthlutun var verið að úthluta eftir þjálfaramenntun félaga / deilda og hvort félagið / deildin hefði útbúið námskrá. Átján námskrár fengu stuðning samtals kr. 1.800.000 og kr. 6.300.000 var skipt milli félaganna / deildanna út frá þjálfaramenntun, samtals kr. 8.100.000. Eftirfarandi félög og deildir þeirra fengu úthlutað styrkjum:

Fimleikafélag Hafnarfjarðar kr. 2.119.366.

Knattspyrnufélagið Haukar kr. 2.040.997.

Fimleikafélagið Björk kr. 692.412.

Badmintonfélag Hafnarfjarðar kr. 535.334.

Hestamannafélagið Sörli kr. 385.391.

Sundfélag Hafnarfjarðar kr. 891.959.

Golfklúbburinn Keilir kr. 670.781.

Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar kr. 285.504.

Íþróttafélagið Fjörður kr. 242.695.


Tennisfélag Hafnarfjarðar kr. 99.887.

Brettafélag Hafnarfjarðar kr. 135.674.

Árið 2023 hækkar sjóðurinn úr 20 milljónum króna í 22 milljónir króna.

## Frístundastyrkir í íþrótt- og tómstundastarf

Frá 1. janúar 2020 hækkaði frístundastyrkurinn frá Hafnarfjarðarbæ í kr. 4.500 á mánuði á barn, samtals kr. 54.000 á ári, aldur 6-18 ára. Árin 2021 og 2022 var hann óbreyttur.



## Afmæli aðildarfélaga

Á árinu 2021 voru öll hátíðarhöld lágstemmd vegna kórónuveirunnar.

## Knattspyrnufélagið Haukar

Félagið varð 90 ára 12. apríl 2021.



# Fimleikafélagið Björk

Félagið varð 70 ára 1. júlí 2021.



# Hjólreiðafélagið Bjartur

Félagið varð 10 ára 19. október 2021.



## Íþróttafélagið Fjörður 30 ára

Á 30 ára afmælisdegi Fjarðar miðvikudeginum 1. júní 2022 hélt félagið afmælis- og uppskeruhátíð í veislusal Ásvalla í Hafnarfirði. Góð mæting var í veisluna sem Þróstur Erlingsson formaður félagsins stýrði. Jóhann Arnarson varaformaður Íþróttasambands fatlaðra færði félaginu gjöf frá sambandinu og veitti einstaklingum úr Firði heiðursmerki. Bæjarstjórinn í Hafnarfirði Rósa Guðbjartsdóttir færði félaginu blóm og peningagjöf frá Hafnarfjarðarbæ, en auk hennar voru nokkrir bæjarfulltrúar mættir sem var mjög ánægjulegt. Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH færði félaginu blóm, áletraðann grip og peningagjöf að tilefni afmælisins. Þjálfarar félagsins veittu sínum hópum viðurkenningar fyrir afrek og ástundun. Gissur Guðmundsson fyrrverandi bæjarfulltrúi, lögreglumaður og velunnari Fjarðar tilkynnti val á íþróttakarli og íþróttakonu Fjarðar, þeim Róberti og Anítu og veitti þeim verðlaun. Að lokum var boðið í pylsupartí og afmælisöku.





Íþróttafélagið Fjörður var stofnað 1. júní árið 1992 af nokkrum mæðrum fatlaðra barna í Hafnarfirði. Hugmyndin var að gefa fötluðum börnum á skólaaldri tækifæri til íþróttaiðkunar til jafns við ófatlaða jafnaldra í bænum. Fyrsti formaður félagsins var Hanna G. Kristinsdóttir. Á þeim tíma sem félagið var stofnað voru starfandi níttján íþróttafélög fatlaðra á landinu og var þegar búið að stofna Íþróttasamband fatlaðra. Hjá félaginu hefur verið lögð áhersla á sund, boccia og bauð félagið tímabundið upp á íþróttaskóla fyrir börn. Á haustmánuðum 2021 byrjuðu æfingar í frjálsíþróttum. Í dag eru skráðir félagsmenn 83, en iðkendur 44. Árangur í keppnum undanfarin ár bæði innanlands og erlendis hefur verið góður. Frá haustinu 2008 hefur félagið æft sund í Ásvallalaug en skrifstofuaðstaða félagsins er einnig þar. Bocciaæfingar hafa farið fram í íþróttahúsi Víðistaðaskóla. Frjálsíþróttæfingar hafa farið fram í Kaplakrika. Félagið hefur í tvígang átt íþróttakarlf Hafnarfjarðar sundmanninn Róbert Ísak Jónsson árin 2017 og 2021. Valgerður Hróðmarsdóttir, nú yfirþjálfari í boccia hefur starfað fyrir félagið frá stofnun þess og er vel við hæfi á þessum tímamótum að færa henni sérstakar þakkir fyrir. Félagið hefur verið Fyrirmyndarfélag ÍSÍ og endurnýjaði nafnbótina síðast vorið 2012, en endurnýja þarf nafnbótina á fjögurra ára fresti. Núverandi formaður félagsins er Þröstur Erlingsson og vill ÍBH þakka honum fyrir gott samstarf og liðlegheit í gegnum árin. ÍBH óskar félaginu til hamingju með afmælið og velfarnaðar í starfi á komandi árum. Myndirnar eru frá afmælisveislunni 1. júní 2022



## Brettafélag Hafnarfjarðar 10 ára

Brettafélag Hafnarfjarðar (BFH) var stofnað 9. júlí 2012 og fagnaði 10 ára afmæli sínu þann 15. október sl. í húsnæði félagsins við Flatahraun að viðstöddu fjölmenni. Jóhann Óskar Borgþórsson formaður félagsins setti hátíðina og bauð alla velkomna. Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjórinn í Hafnarfirði færði félaginu gjöf, talaði fallega um starf félagsins og tilkynnti að skipaður yrði starfshópur um framtíðarhúsnæði BFH. Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH tók einnig til máls og lét hlý orð falla um starfsemi félagsins og færði félaginu gjöf frá ÍBH. Að því loknu tóku við, heiðranir, veitingar, sýningar bestu skateranna og skemmtiatriði. Brettafélag Hafnarfjarðar er aðili að Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar og býður upp á snjóbrettaiðkun sem er undir Skíðasambandi Íslands, hjólreiðaæfingar (BMX, fjallahjól) sem eru undir Hjólreiðasambandi Íslands og hjólabrettaiðkun sem er undir almenningsíþróttum Íþróttir fyrir alla. Árið 2021 voru iðkendur félagsins 259. Myndirnar eru úr afmælinu.



## Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar 20 ára

Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar (AÍH) varð 20 ára 21. október 2022. Í upphafi voru þrjár deildir í félaginu, motocrossdeild, gokartdeild og rallycrossdeild. Driftdeildin bættist síðan seinna við og voru þær þá orðnar fjórar deildarnar í félaginu. Félagið hélt upp á afmælið 12. nóvember 2022 í Reiðhöllinni í Viðidal með léttum veitingum, verðlaunaafhendingum og skemmtiatriðum. ÍBH færði félaginu áletraðann grip, blómvönd og peningagjöf á fyrsta stjórnarfundum félagsins eftir afmælið. Myndirnar eru úr veislunni (af Facebooksíðu AÍH) og af stjórn félagsins.



## Ný íþróttamannvirki

### Skóflustunga að nýju knattspyrnuhúsi Hauka

12. apríl 2021 á 90 ára afmæli Knattspyrnufélagsins Hauka var tekin skóflustunga að nýju knattspyrnuhúsi í fullri stærð. Húsið mun rísa á því svæði sem grasvöllur félagsins er á í dag. Athöfnin var lágstemmd vegna samkomutakmarkanna í þjóðfélaginu. Myndirnar sýna bæjarstjórnann í Hafnarfirði Rósu Guðbjartsdóttir sem m.a. tók fyrstu skóflustunguna, formann bæjarráðs Ágúst Bjarna Garðarsson sem færði félaginu hamingjuóskir og kveðjur frá bæjarstjórn, formann Hauka Samúel Guðmundsson og byggingarnefnd Hafnarfjarðarbæjar og Hauka.



## Skóflustunga tekin að nýrri reiðhöll

Laugardaginn 17. júlí 2021 var tekin skóflustunga að nýrri reiðhöll hjá Hestamannafélaginu Sörla. Ágúst Bjarni Garðarsson formaður bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar tók hana ásamt þeim Guðbirni Svavari Kristjánssyni og Viktoríu Huld Hannesdóttur. Lokahönnun reiðhallarinnar ásamt þjónustumannvirki stendur yfir og að því búnu verður verkið auglýst og boðið út.



## Forgangsröðun ÍBH

Áfram var unnið í takt við samkomulag sem gert hefur verið milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Knattspyrnufélagsins Hauka og samkomulag milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Hestamannafélagsins Sörla. Á árinu 2021 var 150 milljónum króna áætlað í uppbyggingu íþróttamannvirkja. Á árinu 2022 munu framkvæmdir hefjast á þessum íþróttamannvirkjum ásamt frekari undirbúningi og kostnaðargreiningu í samvinnu við félögin. Í áætlun 2022, voru 80 milljónir króna áætlaðar í reiðhöll hjá Hestamannafélaginu Sörla og 70 milljónir króna í félagshúsnæði hjá Hestamannafélaginu Sörla. 350 milljónir króna áætlaðar í knatthús hjá Knattspyrnufélaginu Haukum.

## Viðhald í íþróttamannvirkjum

Á árinu 2021 var farið í uppbyggingu á nýjum reiðleiðum í samvinnu við Hestamannafélagið Sörla og var 10 milljónir króna áætlað til verksins. Þak Suðurbæjarsundlaugar var endurnýjað og unnið var að endurbótum við aðstöðu laugarinnar 100 milljónir króna voru áætlaðar í verkefnið árið 2021.

Framkvæmdum við golfvöllinn á Hvaleyrinni hjá Golfklúbbnum Keili var lokið 2021, en miklar endurbætur hafa átt sér stað undanfarin ár, áætlað var að setja 19 milljónir króna í þær framkvæmdir árið 2021. Á árinu 2021 var 200 milljónum króna áætlað í grasvelli, útiaðstöðu og öryggismál. Framkvæmdum við endurnýjun gras knattspyrnuvallar á félagssvæði Hauka hófst árið 2021. Í áætlun 2022, voru 10 milljónir áætlaðar í knattspyrnugrasæfingasvæði hjá Knattspyrnufélaginu Haukum, 10 milljónir áætlaðar í plan við austurútgang íþróttamiðstöðvar Ásvalla og girðingu. 60 milljónir króna áætlaðar 2022 í endurnýjun á gervigrasi aðalvallar knattspyrnu hjá Knattspyrnufélaginu Haukum. 10 milljónir króna girðing við gervigrasvöll knattspyrna



Knattspyrnufélagið Haukar. 20 milljónir króna í endurnýjun á lýsingu við gervigrasvöll knattspyrnu hjá Knattspyrnufélaginu Haukum. 5 milljónir króna eru í áætlun vegna búningsklefa hjá Knattspyrnufélaginu Haukum. Í áætlun 2022, voru 50 milljónir króna áætlaðar í grasæfingasvæði FH í knattspyrnu, 16 milljónir króna í endurnýjun á gervigrasi í Risanum, 10 milljónir króna áætlaðar til pússunar á parketsal fyrir handknattleik hjá FH, 10 milljónir króna vegna öryggisgirðinga innan svæðis hjá FH og 15 milljónir voru áætlaðar til malbikunar stíga við Risann hjá FH. Í áætlun 2022, voru 5 milljónir króna áætlaðar í salerni fyrir fatlaða í Íþróttahúsinu Strandgötu, 10 milljónir króna í ruslagerði o.fl. í Íþróttahúsinu við Strandgötu og 5 milljónir króna áætlaðar í móttöku. Í áætlun 2022 voru 5 milljónir króna áætlaðar í malbikun hjá Kvartmíluklúbbnum. Hjá AÍH 2022 voru einnig áætlaðar 5 milljónir króna í malbikun. 100 milljónir króna voru áætlaðar í endurbætur á Suðurbæjarsundlaug 2022 og 5 milljónir króna á endurbætur á flísum við bakkann. 5 milljónir króna voru áætlaðar 2022 í að bæta hljóðvist í Ásvallalaug. 15 milljónir króna voru áætlaðar 2022 í endurnýjun á múrhúð í Sundhöll Hafnarfjarðar og 20 milljónir króna í að endurnýja búningsklefa.





## Íþróttá- og tómstundanevnd Hafnarfjarðarbæjar

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar og Íþróttá- og tómstundanevnd Hafnarfjarðarbæjar (ÍTH) vinna vel saman að hinum ýmsu verkefnum. Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi Hafnarfjarðarbæjar er starfsmaður nefndarinnar. Íþróttamannvirki í eigu Hafnarfjarðarbæjar eru rekin af nefndinni eða með samningum við aðildarfélög ÍBH. Nefndin og starfsmenn hennar gera alla samninga við ÍBH og aðildarfélögin, s.s. samninga um uppbyggingu íþróttamannvirkja, þjónustusamninga, rekstrarsamninga og aðra samninga sem byggja á samstarfssamningi milli ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar. Formaður ÍBH á sæti í nefndinni sem áheyrnarfulltrúi með málfrelsi og tillögurétt, framkvæmdastjóri ÍBH hefur verið varamaður hans. Íþróttabandalag Hafnarfjarðar þakkar ÍTH og starfsfólki nefndarinnar fyrir gott samstarf síðast liðin tvö ár.



## Fundir með bæjarstjóra og öðrum embættismönnum

Formaður og framkvæmdastjóri ÍBH funda reglulega með bæjarstjóra Hafnarfjarðarbæjar um þau málefni sem eru í brennidepli innan íþróttahreyfingarinnar hverju sinni. Stjórn ÍBH vill færa bæjarstjóranum í Hafnarfirði Rósu Guðbjartsdóttur bestu þakkir fyrir velvilja og góða samvinnu í sambandi við íþróttamál bæjarins. Íþróttabandalag Hafnarfjarðar þakkar einnig öðrum bæjarfulltrúum, nefnarmönnum og embættismönnum sem hafa komið að málefnum íþróttahreyfingarinnar í sveitarfélaginu fyrir samvinnuna undanfarin tvö ár.



## Samvinna íþróttafélaga og skóla

Á íþróttafreksbraut Flensborgarskólans voru skráðir nemendur á vorönn 2021, samtals 180 í eftirtöldum greinum, FH handknattleikur 5, FH knattspyrna 30, Haukar körfuknattleikur 23, Haukar handknattleikur 20, Haukar knattspyrna 32, SH 12, Keilir 5, FH frjálsíþróttir 3, aðrir 50.

Haustönn 2021, samtals 203 í eftirtöldum greinum, FH handknattleikur 12, FH knattspyrna 46, Haukar körfuknattleikur 16, Haukar handknattleikur 21, Haukar knattspyrna 33, SH 14, Keilir 7, FH frjálsíþróttir 3, aðrir 51.

Vorönn 2022, samtals 186 í eftirtöldum greinum, FH handknattleikur 11, FH knattspyrna 42, Haukar körfuknattleikur 14, Haukar handknattleikur 20, Haukar knattspyrna 30, SH 14, Keilir 7, FH frjálsíþróttir 4, aðrir 44.

Haustönn 2022, samtals 193 í eftirtöldum greinum, FH handknattleikur 13, FH knattspyrna 40, Haukar körfuknattleikur 20, Haukar handknattleikur 15, Haukar knattspyrna 33, SH 13, Keilir 5, FH frjálsíþróttir 4, aðrir 50.

Flensborgarhlaupið var haldið 20. september 2022, hlaupnar voru þrjár vegalengdir 3 km, 5 km og 10 km 190 hlauparar voru skráðir til leiks, skokkhópur Hauka og hlaupahópur FH aðstoðuðu við framkvæmd hlaupsins.



## Nýir formenn aðildarfélaganna

### Nýir formenn 2021

Formannskipti urðu hjá Akstursíþróttafélagi Hafnarfjarðar 2021 Fylkir Aðalsteinn Jónsson hætti og Linda Dögg Jóhannsdóttir tók við.

Hjá Badmintonfélagi Hafnarfjarðar var tennisdeildin lögð niður 2021 og Júlíana Jónsdóttir deildarformaður tennisdeildar BH varð formaður í nýju íþróttafélagi, Tennisfélagi Hafnarfjarðar.

Hjá Brettafélagi Hafnarfjarðar hætti Björgvin Valdimarsson sem formaður 2021 og Jóhann Óskar Borgþórsson tók við aftur.

Gunnar Geir Halldórsson tók við 2021 sem formaður í nýju íþróttafélagi, Siglingafélaginu Haflíða.

Formannskipti urðu hjá Knattspyrnufélaginu Haukum 2021, Samúel Guðmundsson hætti sem formaður og Magnús Gunnarsson tók við.

Fimleikafélagið Björk skipti um formann 2021, Maríanna Finnbogadóttir hætti og Hörður Svavarsson tók við. Á árinu var einnig skipt um formann fimleikadeildar Björk, Ágústa Ingibjörg Arnardóttir hætti og Snorri Sigurðsson tók við.

Hjá Knattspyrnufélaginu Ásvellir var skipt um formann 2021, Þórarinn Jónas Ásgeirsson hætti og Atli Steinn Jónsson tók við.

## Nýir formenn 2022

Íþróttafélagið Sambo 80 var tekið inn í ÍBH í ársbyrjun 2022, formaður félagsins er Aleksandr Stoljarov. Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar skipti um formann 2022, Timo Salsola hætti og Kristinn Tryggvi Gunnarsson tók við.

Formannaskipti urðu hjá Hjólreiðafélaginu Bjarti 2022, Örn Hrafnkelsson hætti og Gunnlaugur Sigurðsson tók við.

Blakfélag Hafnarfjarðar skipti um formann 2022, Fanný Yngvadóttir hætti og Sigrún María Guðjónsdóttir tók við.

Hjá Tennisfélagi Hafnarfjarðar hætti Júlíana Jónsdóttir 2022 sem formaður og Andri Jónsson tók við af henni.

Klifurdeild Björk skipti um formann 2022, Freyr Aðalgeirsson hætti og Rafn Emilsson tók við.

Fimleikadeild Björk skipti einnig um formann 2022, Snorri Sigurðsson hætti og Auðbjörg Þóra Óskarsdóttir tók við. Formannsskipti urðu einnig hjá borðtenniseild Badmintonfélags Hafnarfjarðar Ingimar Ingimarsson hætti og Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson tók við.

## Ný aðildarfélög

Frá síðasta þingi voru stofnuð tvö ný íþróttafélög í Hafnarfirði, Siglingafélagið Hafliði sem hélt stofnfund 2. apríl 2021. Félagið fékk aðildarumsókn sína að ÍBH samþykka 5. maí. 2021. Seinna félagið er Sambo 80, sem hélt stofnfund 18. febrúar 2019, var viðurkennt af ÍSÍ sem íþróttagrein 28. desember 2021 og fékk aðildarumsókn sína að ÍBH samþykka 12. janúar 2022.



**Sambo 80**



## Klifursamband Íslands stofnað

Stofnþing Klifursambands Íslands var haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 27.

september 2021. Með stofnun þessa nýja sérsambands eru sérsambönd ÍSÍ orðin 34 talsins. Sex íþróttahéruð og sex íþróttafélög áttu þingfulltrúa á þinginu.

Fimleikafélagið Björk, klifurdeild Björk og Íþróttabandalag Hafnarfjarðar eru stofnaðilar sambandsins.



## Kynning á starfi samskiptaráðgjafa

Undanfarnar vikur hafa verið í gangi kynningar á starfi samskiptaráðgjafa íþróttta- og æskulýðsstarfs og fór síðasti fundurinn í kynningarröðinni fram í Kaplakrika miðvikudaginn 24. nóvember 2021. Mikilvægt er að allir sem koma að íþróttastarfi kynni sér hvaða þjónustu samskiptaráðgjafinn veitir. Hægt er að horfa á kynninguna m.a. á Facebooksíðu ÍSÍ. Nánari upplýsingar eru einnig á heimasíðu samskiptaráðgjafans, [www.samskiptaradgjafi.is](http://www.samskiptaradgjafi.is).





## **Formannafundir ÍSÍ 2021 og 2022**

Formannafundur 2021 var haldinn miðvikudaginn 8. desember í gegnum fjarfundarbúnað. Formannafundur 2022 var haldinn föstudaginn 25. nóvember í félagsheimili Hestamannafélagsins Fáks í Víðidal.

## **Kórónuveirufaraldurinn**

Ríkið kom með fjárstuðning til íþróttafélaga í gegnum ÍSÍ vegna tekjutaps. ÍSÍ óskaði eftir bankaupplýsingum aðildarfélaga ÍBH, kennitölum og netföngum tengiliða í félögum frá ÍBH. Hafnarfjarðarbær gerði könnun meðal aðildfélaga ÍBH á tekjutapi vegna Covid 19, og útfrá henni var ákveðið að veita fjórum íþróttafélögum stuðning vegna tekjutaps. Aðildarfélög ÍBH, ÍBH og Hafnarfjarðarbær fengu síðan stuðning frá Vinnumálastofnun m.a. með því að ráða háskólanema í sumarvinnu.

## Heimsókn ÍRB til ÍBH

Þriðjudaginn 14. september 2022. kom Íþróttabandlagið í Reykjanesbæ (ÍRB) ásamt íþróttafulltrúa Reykjanesbæjar í heimsókn til stjórnar ÍBH. Tilgangur heimsóknarinnar var að fræðast um starfsemi Íþróttabandalags Hafnarfjarðar, rekstur íþróttafélaga í Hafnarfirði og íþróttastarf í Hafnarfirði. Fundað var í forsal Ásvalla og tóku þrettán manns þátt í honum sem var í alla staði mjög fróðlegur. ÍBH þakkar ÍRB fyrir heimsóknina og óskar þeim velfarnaðar í framtíðinni. Myndin er af fundarmönnum.



## Aðildarumsókn ÍBH að UMFÍ

Á haustmánuðum 2022 sendi Íþróttabandalagið í Hafnarfirði (ÍBH) Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) aðildarumsókn sína að UMFÍ. Umsóknin var samþykkt á stjórnarfundi UMFÍ þann 24. nóvember 2022.



## Lokaorð

Þakkir fá allir samstarfsaðilar frá síðasta þingi fyrir samstarfið og annan velvilja.

Stjórnarmönnum allra íþróttagreina sem létu af störfum á tímabilinu er þakkað fyrir þeirra vinnuframlag til íþróttahreyfingarinnar í bænum.

Öllum sjálfboðaliðum er þakkað fyrir þeirra vinnuframlag, án þeirra er ekki hægt að sinna mótahaldi og öðrum viðburðum sem íþróttagreinar og félög taka að sér.

Íþróttafélög og sérstaklega fjölgreinafélög þurfa að vera með skýrar verklagsreglur, skipurit og gott upplýsingaflæði svo samstarf milli fólks í félögum og íþróttagreinum sé eins gott og hægt er. Regluverkið þarf auk þess að vera í stöðugri endurskoðun.

Öll aðildarfélög ÍBH eru hvött til að endurskoða og bæta upplýsingagjöf til starfsmanna sinna og þjálfara, til iðkenda, forsjáraðila, fjölmiðla, bæjarbúa og stjórnámálamanna í gegnum heimasíður, samfélagsmiðla og vefmiðla. Aukið gagnsæi er allra hagur.

Bæjarblaðið í Hafnarfirði, Fjarðarfréttir, hefur ávallt gert hafnafirsku íþróttalífi góð skil og ber að þakka þeim sérstaklega fyrir frábært vinnuframlag.

Iðkendur, þjálfarar og forystufólk í íþróttahreyfingunni eru fyrirmyndir sem verða að gæta að framkomu við aðra og vanda öll samskipti á opinberum vettvangi.

Að lokum, flestir vilja hafa góða aðsókn á æfingar, viðburði og ná sem bestum árangri, það er eingöngu hægt þar sem flestir hlutir eru í lagi. Rýniði í starfið hjá ykkur og skoðið hvað hugsanlega betur má fara til að ná settum markmiðum.

Áfram íþróttastarf í Hafnarfirði.

Hrafnkell Marinósson formaður ÍBH.



# Rio Tinto

Stuðningsaðili barna- og unglíngastarfs aðildarfélaganna ÍBH